



Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Síðumúla 14
108 Reykjavík

Reykjavík, 19. september 2025
VEL25090079

Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Vísað er til máls nr. S-159/2025 í samráðsgátt stjórnvalda er varðar áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Gengið er út frá því að í fyrirhuguðu frumvarpi verði lagt til að hámarkslengd tímabils sem atvinnuleysistryggingar eru greiddar verði stytta um 12 mánuði þannig að heimilt verði að greiða atvinnuleysistryggingar í samtals 18 mánuði í stað 30 mánaða líkt og nú er samkvæmt gildandi lögum.

Þá verði lagt til að lágmarksskilyrði fyrir ávinnslu atvinnuleysistrygginga verði að viðkomandi atvinnuleitandi hafi starfað á innlendum vinnumarkaði í a.m.k. 12 mánuði á ávinnslutímabili, en samkvæmt gildandi lögum kann atvinnuleitandi að hafa áunnið sér hlutfallslegan rétt eftir að hafa starfað á innlendum vinnumarkaði í 3 mánuði.

Reykjavíkurborg telur ljóst að tilvitnuð áform muni fyrirsjáanlega hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög og því sé ráðherra skylt samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að hlutast til um að fjárhagslegt mat á áformunum fari fram. Leiði slíkt mat í ljós kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þurfi að tryggja sveitarfélögunum aukna tekjustofna til þess að standa undir honum.

Eftirfarandi er umsögn Reykjavíkurborgar um áformin þar sem nánar er fjallað um framangreind atriði:

Reykjavíkurborg styður aðgerðir sem miða að því að auka virkni atvinnuleitenda og auðvelda endurkomu á vinnumarkað. Aftur á móti er fyrirsjáanlegt að þau áform sem nú liggja fyrir um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar muni hafa veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga auk þess sem þjónusta við atvinnuleitendur muni að einhverju marki flytjast frá ríki til sveitarfélaga. Afar mikilvægt er að fram fari lögbundið mat á fjárhagslegum áhrifum þessara áforma, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Ætla má að nýtt kerfi fyrir sjúkra- og endurhæfingarlífeyri muni hafa jákvæð áhrif á þá sem eru til lengri tíma á atvinnuleysisbótum. Í því samhengi er þó vert að skoða sérstaklega þá einstaklinga sem eru í miklum félagslegum vanda, með skerta starfsgetu vegna þess eða þar sem atvinnuleit ber ekki árangur af öðrum orsökum. Ekki er ljóst hvort nýtt kerfi fyrir sjúkra- og endurhæfingarlífeyri nái með fullnægjandi hætti yfir þá einstaklinga. Verði það ekki raunin koma framangreindar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar til með að hafa veruleg áhrif á kostnað Reykjavíkurborgar, s.s. á fjárhagsaðstoð, sérstakan húsnæðisstuðning, virkniúrræði og ráðgjöf þar sem gera má ráð fyrir auknum fjölda notenda hjá Reykjavíkurborg.



Stytting bótatímabils úr 30 í 18 mánuði og forsendur þess að 10-25% þeirra sem ljúka bótarétti uppfylli skilyrði fjárhagsaðstoðar, gæti falið í sér aukningu á árlegum kostnaði Reykjavíkurborgar um 76-190 m.kr. ári. Fari hlutfallið upp í 60% gæti kostnaður Reykjavíkurborgar aukist um 450 m.kr. Ætla má að kostnaðurinn gæti orðið meiri komi til þess að hærra hlutfall þeirra sem ekki eiga rétt til atvinnuleysistryggingar í nýju kerfi þurfi á fjárhagsaðstoð að halda.

Breyting lágmarksskilyrðis atvinnuleitanda um að hafa starfað í að lágmarki 12 mánuði í stað hlutfallslegrar tryggingar frá 3 mánuðum til 12 mánaða í samræmi við lengd starfstíma mun koma til með að hafa mikil áhrif á þjónustu sveitarfélaga. Reykjavíkurborg greiðir fjárhagsaðstoð til þeirra sem fá hlutfallslega greiðslu vegna atvinnuleysisbóta sem er lægri en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar á hverjum tíma svo heildargreiðsla í hverjum mánuði nemi þeirri grunnfjárhæð sem viðkomandi á rétt á samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Gera má ráð fyrir að í kjölfar breytinga muni kostnaður borgarinnar vegna allra þeirra sem áður fengu hlutfallslegan rétt til atvinnuleysistrygginga í Reykjavík hækka. Samkvæmt gögnum frá Vinnumálastofnun voru 1.980 umsóknir í Reykjavík um atvinnuleysisbætur sl. 12 mánuði þar sem umsækjandi hafði unnið á innlendum vinnumarkaði í 11 mánuði eða skemur. Það þarf þó að taka til greina að um er að ræða allar umsóknir óháð niðurstöðu umsóknarinnar. Ef gert er ráð fyrir að um 50% þeirra sem sækja um hefðu átt rétt í eldra kerfi eru það um 990 manns á ári sem ekki lengur eiga neinn rétt á atvinnuleysisbótum. Ef svo um helmingur þeirra uppfyllir skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg þá eru það um 445 manns sem gætu átt rétt á fjárhagsaðstoð árlega án aðkomu Vinnumálastofnunar. Slíkt fæli í sér kostnað upp á 1 milljarð árlega aðeins fyrir Reykjavíkurborg.

Mikil óvissa ríkir um þann fjölda sem með breyttu fyrirkomulagi atvinnuleysistryggingakerfis mun þurfa á fjárhagsaðstoð að halda frá Reykjavíkurborg. Einnig liggur fyrir að sá fjöldi einstaklinga sem var á atvinnuleysisbótum en gæti öðlast rétt á fjárhagsaðstoð gæti einnig öðlast rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi sem mun einnig hækka kostnað Reykjavíkurborgar. Þá mun einnig aukast álag hjá Reykjavíkurborg við að sinna ráðgjöf og virkni þeirra sem ekki fá þjónustu frá Vinnumálastofnun þar sem bótaréttur er ekki til staðar, en hefði verið það áður.

Lýst er yfir verulegum áhyggjum af því að komi til þess að virkniúrræði ríkisins, í samspili við fyrirhugaðar aðgerðir, fækki ekki verulega þeim fjölda sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda muni aðgerðirnar fela í sér hreinan flutning á kostnaði frá ríki yfir til sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að koma á framfæri ítarlegri athugasemdum þegar drög að frumvarpi liggja fyrir.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjavíkurborgar,

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri velferðarsviðs